

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1567
komudagur 25.4.2005



HÁSKÓLI ÍSLANDS

REKTOR

Alþingi
Nefndarsvið
Hlín Lilja Sigfúsdóttir
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. apríl 2005
Tilvísun: HI05040022/004

Vísað er til bréfs menntamálanefndar Alþingis, dags 6. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um skilgreiningu á háskólastigi, 214 mál.

Umsögn Háskóla Íslands fylgir hér með.

Virðingarfyllt
f.h. háskólarektors

Þórunn Kristinsson
framkvæmdastjóri akademískrar stjórnsýslu

Háskóli Íslands
25. apríl 2005

Umsögn Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um skilgreiningu á háskólastigi, 214 mál.

Háskóli Íslands tekur undir nauðsyn þess að farið sé vandlega yfir stöðu og hlutverk skóla á háskólastigi og með hvaða hætti kveðið er á um skipulag íslenska háskólakerfisins í lögum. Við þá vinnu verði rík áhersla lögð á þá grundvallarreglu í vestrænum ríkjum að sjálfstæði háskóla í eigin málum sé virt. Mikilvægt er að skólar á háskólastigi á Íslandi eigi beina aðild að stefnumótun um æðri menntun í landinu í samræmi við lögbundna stöðu þeirra hvers fyrir sig.

Tekið er undir það sjónarmið sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að mikilvægt sé að menntastefna þjóðarinnar á sviði æðri menntunar sé skýr og skilvirk þannig að hver skóli þjóni þeim markmiðum sem honum er ætlað. Skýr stefnumótun er nauðsynleg af mörgum ástæðum og hlýtur að taka til þess hvernig skynsamlegt er og æskilegt að háskólastigið á Íslandi þróist í þágu þjóðarinnar og hvernig almannafé verður best varið í þágu þess markmiðs. Þjóðin er fámenn og kostnaður við æðri menntun og rannsóknir er greiddur að langmestu leyti af opinberu fé. Þess vegna er nauðsynlegt að hlutverk og verkaskipting stofnana á háskólastigi sé skýrt afmörkuð og að allir skólar lúti samræmdum opinberum viðmiðunum um kröfur og gæði starfseminnar; um réttaröryggi starfsfólks og stúdenta og um framlög frá hinu opinbera og fjáröflun umfram það. Í stað þess að kröftum og fjármunum sé dreift um of er æskilegt að verkaskipting og samstarf í kennslu, rannsóknum og stoðþjónustu verði eflt á milli skóla á háskólastigi.

Hlutverk skóla á háskólastigi er afmarkað í löggjöf ríkja og kemur fram í fjölmörgum alþjóðlegum samningum og samþykktum um æðri menntun sem Ísland er aðili að. Mikil umræða hefur farið fram í Evrópu undanfarin ár um gildi æðri menntunar og mikilvægi háskóla og rannsókna fyrir þróun og velferð samfélagsins og Evrópu sem heildar. Þessi umræða byggir á áratuga þróun háskóla og háskólarannsókna í þágu samfélagsins. Frá árinu 1998 hefur verið unnið markvisst að sameiginlegri stefnumótun á vegum stjórnvalda Evrópuríkjanna, með aðild og beinni þátttöku samtaka háskóla og stúdenta undir heitinu Bologna ferlið (Bologna Process). Markmiðið er að sameiginlegt Evrópusvæði æðri menntunar (European Higher Education Area) verði komið á árið 2010. Þar er gengið út frá þeirri viðteknu grunnforsendu að háskólar (universities) eru sjálfstæðar stofnanir þar sem rannsóknir og kennsla fara að öllu jöfnu saman til þess að mæta síbreytilegum þörfum samfélagsins og stuðla að framförum á sviði vísinda og fræða. Háskólar eru fræðilega og siðferðilega óháðir sérhagsmunum og taka langtímahagsmuni fram yfir skammtímahagsmuni. Frelsi í rannsóknum, kennslu og námi er grunnforsenda háskólastarfsins.

Í Evrópu er gerður greinarmunur á æðri menntastofnunum eftir hlutverkum þeirra (sjá tilvísanir neðanmáls). Þetta kemur t.d. skýrt fram í Lissabonsamningnum um viðurkenningu og hæfi að því er varðar æðri menntun á Evrópusvæðinu (Convention on the Recognition of Qualifications concerning Higher Education in the European Region) frá 1997 og tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins um viðurkenningu og gæðamat einkarekinna æðri menntastofnana frá 1997 (Council of Europe: Recommendation No. R(97)1 of the Committee of Ministers to member states on the recognition and quality assessment of private institutions of higher education).

Almennt er megineinkenni háskóla (university) að þar er staðið fyrir kennslu og rannsóknum á fjölmörgum fræðasviðum á mörgum stigum náms og veitt doktorsgráða. Aðrar æðri menntastofnanir hafa yfirleitt minni fjölbreytni í framboði náms sem miðast einkum að því að veita stúdentum tiltekna starfshæfni eða bjóða æðra nám eingöngu á einu eða takmörkuðum fjölda fræðasviða. Í gildandi lögnum um háskóla er notað samheitið háskóli um stofnanir sem ætlað er að gegna ólíkum hlutverkum. Þannig skulu sumir skólar samkvæmt lögnum hafa rannsóknahlutverk, en aðrir ekki. Í framkvæmd hefur þetta hins vegar ekki verið skýrt.

Háskóli Íslands vekur athygli á því að sérstaklega er kveðið á um það í lögum um Háskólann nr. 41/1999 að hann skuli vera vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun. Auk hæfra starfsmanna á sem flestum fræðasviðum krefst rannsóknastarf í háskóla sérhæfðrar aðstöðu, tækja og búnaðar, aðgangs að bókum og tímaritum, alþjóðlegrar samvinnu og margvíslegrar þjónustu og stuðnings innan viðkomandi stofnunar, þ.m.t. aðstöðu fyrir framhaldsnema í meistara- og doktorsnámi. Næstum í heila öld hefur verið unnið að uppbyggingu Háskóla Íslands sem alhliða háskóla í þeirri merkingu sem viðtekin er um slíka skóla. Rannsóknatengt framhaldsnám, meistara- og doktorsnám, er nú helsti vaxtarbroddurinn í starfinu og eitt mikilvægasta stefnumál Háskólans. Þar er byggt ofan á grunn fjölbreytts náms til fyrsta háskólaprófs í ellefu háskóladeildum sem samtals bjóða upp á nám á yfir fimmtíu mismunandi námsleiðum. Viðgangur framhaldsnámsins er mikilvæg viðleitni til að styrkja starf Háskólans og stöðu sem alþjóðlega viðurkennds rannsóknaháskóla. Ljóst er að öflugur rannsóknaháskóli er eitt frumskilyrði þess að efla samkeppnishæfni Íslands í vísindum, atvinnuþróun og menningu í þekkingarsamfélagi heimsins. Einkar mikilvægt er því að standa vörð um rannsóknahlutverk Háskólans og efla og styrkja rannsóknastarf hans til að gera honum kleift að gegna áfram hlutverki sínu sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar.

Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnáslu- og fjárhagsúttekt á Háskóla Íslands, kemur fram að Háskólinn sé tiltölulega ódýr í rekstri miðað við sambærilega evrópska háskóla og árangur hans á mörgum sviðum kennslu og rannsókna sé sömuleiðis ágætur. Ljóst sé hins vegar að möguleikar skólans til þess að þróast sem öflugur alþjóðlegur rannsóknaháskóli ráðist að verulegu leyti af því hvaða stefna verði mörkuð á komandi árum. Fé til rannsókna hafi nánast staðið í stað að raunvirði undanfarin ár sem geti haft áhrif á möguleika skólans til að þróast áfram sem öflugur rannsóknaháskóli sem stenst alþjóðlegan samanburð.

Tilvísanir

Bolognafirlýsingin (Bologna Declaration), 19. júní 1999 og ályktanir funda menntamálaráðherra Bologna ferlisins í Prag 2001 og Berlín 2003.

Yfirlýsingar Samtaka evrópskra háskóla (European University Association: EUA) í Salamanca 2001, Graz 2003 og Glasgow 2005.

Samningur um viðurkenningu og hæfi að því er varðar æðri menntun á Evrópusvæðinu (Convention on the Recognition of Qualifications concerning Higher Education in the European Region), 11. apríl 1997. Samningsaðilar eru ríki Evrópuráðsins og þau ríki sem teljast til Evrópusvæðis Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Stefnuyfirlýsingu Evrópskra háskóla (Magna Charta Universitatum) sem undirrituð var í tilefni af 900 ára afmæli Háskólans í Bologna 18. september 1988 af rektorum yfir 400 háskóla í Evrópu, þar á meðal rektor Háskóla Íslands.

Tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins til aðildarríkjanna um rannsóknastefnu háskólanna (Council of Europe: Recommendation No. R(2000)8 of the Committee of Ministers to member states on the research mission of the universities).

Tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins til aðildarríkjanna um viðurkenningu og gæðamat einkarekinna æðri menntastofnana (Council of Europe: Recommendation No. R(97)1 of the Committee of Ministers to member states on the recognition and quality assessment of private institutions of higher education.

Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area, ENQA 2005.

Háskóli Íslands, stjórnásluúttekt. Ríkisendurskoðun, apríl 2005.

Nefndasvið Alþingis
Hlín Lilja Sigfúsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 131/1566
komudagur 2131/15665

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skilgreiningu á háskólastigi, 214. mál.

Rektorar eftirtalinna háskóla mæla ekki með að samþykkt verði í núverandi mynd þingsályktunartillaga Hjálmars Árnasonar og Dagnýjar Jónsdóttur um skilgreiningu á háskólastigi þar sem stjórnskipuð nefnd fjalli um markmið og hlutverk háskóla. Vakin er athygli á að þegar er fjallað um þessa þætti í gildandi samningum sem einstakir háskólar hafa gert við stjórnvöld og því ekki ástæða til að endurtaka þá vinnu sem þegar hefur farið fram. Einnig má benda á þá grundvallarreglu í vestrænum ríkjum að sjálfstæði háskóla í eigin málum sé virt en svo virðist sem tillagan gangi nokkuð á svig við slíkt.

Akureyri, 22. apríl 2005
Virðingarfyllst,

Þorsteinn Gunnarsson, rektor
f.h. Háskólans á Akureyri

Skúli Skúlason
f.h. Háskólans á Hólum

Guðfinna Bjarnadóttir
f.h. Háskólans í Reykjavík

Ólafur Proppé
f.h. Kennaraháskóla Íslands

Ágúst Sigurðsson
f.h. Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri

Hjálmar H. Ragnarsson
f.h. Listaháskóla Íslands

Runólfur Ágústsson
f.h. Viðskiptaháskólans á Bifröst